



Vogur: Tákn vonar og betra lífs

Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Við Íslendingar eigum margar stofnanir og njótum fjölbreyttrar starfsemi en fáir staðir ná þeim sessi að verða í hugum þjóðarinnar tákn nýrrar vonar, fyrirheit um betra líf; einstaklingum og fjölskyldum aflvaki sigra í erfiðri glímu.

Vogur er slíkur staður í hugum okkar og hjörtum; samheiti á starfsemi sem í senn hefur rutt brautir og vakið athygli víða um heim; en umfram allt sönnun þess að áfengissýki og neysla eiturlyfja þarf ekki að vera ævarandi böll.

Það eru til aðrar leiðir, aðferðir sem skila árangri og gefa körlum og konum, ungum og eldri trú á að lækningin takist, að hægt sé að losna úr fjötrum fíknarinnar og færa fjölskyldu sinni og vinum lífsgleði á ný.

Nú fagnar Vogur merkur áfanga og þá ber okkur að þakka fyrir framlag lækna og starfsfólks alls, aðstandendum og stuðningsliði sem eflt hefur árangurinn jafnt og þétt.

Vogur er ekki aðeins stofnun, heldur líka vitnisburður um samtakamátt þúsundanna sem lagt hafa lið hugsjónastarfi í þágu heilbrigðis og hollra lífshátta.

Á þessum tímamótum þakkar íslenska þjóðin af heilum huga hið góða starf.